

Línuhönnun hf
Guðmundur Guðnason
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

2006060013
4502; 4910; 9310

Reykjavík, 6. júlí 2006
/--

Efni: Breyting á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbreytingu og Reykhólahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Línuhönnunar verkfræðistofu dags. 7. júní 2006 f.h. Vegagerðarinnar þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbreytingu og Reykhólahreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hólmavíkurbreytingu, Reykhólahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hólmavíkurbreytingu með bréfi dags. 21. júní 2006, Reykhólahreppi með tölvupósti dags. 28. júní 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. júní 2006, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 4. júlí 2006, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 30. júní 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. júlí 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða breytingu á fyrirhugaðri veglagningu um Arnkötludal og Gautsdal frá því sem Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð um þann 8. september 2005 en í úrskurðinum var fallist á leið 1 vestan Arnkötludalsár og leið 6 N austan árinna. Ekki var lagður fram sá valkostur að tengja leið 1 og leið 6-N ofan Þvergils til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar. Vegagerðin kærði ofangreindan úrskurð til umhverfisráðherra og í úrskurði ráðherra dags. 9. maí 2006 er lagst gegn leið 6N vegna skerðingar á víðáttumiklum hallamýrum þar sem í ljós hafði komið, eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar lá fyrir, að umfang hallamýra sem leið 6N færi um, var mun meira en kom fram í matsskýrslu.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð breyting á veglagningu felist

Í að í stað tveggja þverana á Arnkötludalsá skv. leið 6 N sem kynnt hafi verið í matsskýrslu framkvæmdarinnar verði áin þveruð á einum stað með tengingu leiðanna og jafnframt færast vegurinn á kafla fjær ánni að austan. Farið verði austur yfir Arnkötludalsá af leið 1 ofan við Þvergil nálægt stöð 10.300 og vegurinn tengdur leið 6N, og þeirri leið fylgt á um 4 km kafla upp að Þröskuldi þar sem leiðirnar sameinist á ný. Fram kemur að þessi breytta lega á leið 1 austan Arnkötludalsár milli Þvergils og Þröskuldar sé vegtæknilega betri heldur en leið 1 vestan árinna, þar sem hæðarlega hennar sé jafnari og skeringar minni. Þá þurfi ekki að fara yfir stór gil á leiðinni eins og á leið 1 við stöð 12.700 og talið sé að snjóléttara sé austan Arnkötludalsár ofan við Þvergil heldur en vestan við ána. Því megi ætla að umferðaröryggi verði betra á breyttri leið 1 milli Þvergils og Þröskuldar. Fram kemur að gróðurfar á umræddu svæði beggja vegna árinna sé mjög svipað, framkvæmdum við ræsisgerð verði hagað þannig í samráði við veiðimálastjóra að lágmarkað verði grugg í ánni á tímabilinu 15. júní til 30. september. Þá sé talið að breytt lega vegarins á umræddu svæði muni hafa minni sjónræn áhrif þar sem vegurinn falli betur að landi og skeringar verði minni en ef umræddur vegkafla verði lagður vestan Arnkötludalsár.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Hólmavíkurrepps, Reykhólahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða ræða breytingu á legu fyrirhugaðs vegar um Arnkötludal sem felur í sér að tengja leiðir 1 og 6N saman með einni þverun yfir Arnkötludalsá ofan Þvergils. Í þeirri framkvæmd sem kynnt var í matsskýrslu um lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal og Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð um 1 september 2005 var gert ráð fyrir 2 þverunum á þessu svæði á leið 6N. Ekki var lagður fram sá valkostur að tengja leið 1 og leið 6-N ofan Þvergils til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að Skipulagsstofnun féllst á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal skv. leiðum 1 vestan Arnkötludalsár og 6N austan árinna í úrskurði sínum dags. 8. september 2005 með skilyrðum en að í úrskurði umhverfisráðherra dags. 9. maí 2006 var lagst gegn leið 6N vegna skerðingar á víðáttumiklum hallamýrum. Fyrir liggur að umræddar hallamýrar eru utan þess svæðis sem framkvæmdir við tengingu leiða 1 og 6N eru fyrirhugaðar. Að mati Skipulagsstofnunar mun tenging leiða 1 og 6N ofan Þvergils ekki hafa veruleg áhrif á gróðurfar, m.a. þar sem ekki verður farið um votlendi. Þá er að mati stofnunarinnar ekki líklegt að áhrif tengingar leiðanna á landslag muni verða veruleg þar sem fyrirhuguð breyting veglínu tekur einungis til lítils hluta af heildarvegalengd alls vegarins. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að ekki verði um neikvæð áhrif á fornleifar að ræða þar sem veglínu austan árinna hefur verið hnikað fjær fornminjum við Víghól. Fyrirhuguð tenging veglína er utan þess svæðis sem er hvað viðkvæmast með tilliti til fuglalífs og því ekki að vænta verulegra áhrifa á fugla. Skipulagsstofnun telur að ekki sé líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg áhrif á lífríki í Arnkötludalsá verði staðið þannig að framkvæmdum í samráði við veiðimála- og fiskeldissvið

Landbúnaðarstofnunar að gruggmyndun í ánni verði lágmörkuð á tímabilinu 15. júní til 30. september.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á lagningu vegar um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurreppi og Reykhólahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhuguð breyting á legu vegarins er innan Hólmavíkurrepps og því háð framkvæmdaleyfi hreppsins skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem ekkert skipulag er í gildi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þarf sveitarstjórn að sækja um meðmæli Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 áður en unnt er að veita framkvæmdaleyfi. Við lagningu vegarins í heild sinni þarf jafnframt að sækja um framkvæmdaleyfi til Reykhólahrepps, sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar dags. 8. sept. 2005.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. ágúst 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Hólmavíkurreppur, Reykhólahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Landbúnaðarstofnun, veiðimála- og fiskeldissvið og Umhverfisstofnun